

Sveitarfélagið Skagafjörður

Ársreikningur
2021

Sveitarfélagið Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Kt. 550698-2349

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagafjarðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 6.701,7 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 5.696,8 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem var lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,475% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórnar til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum ársreikningi A og B hluta var neikvæð um 356,3 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 417,2 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2021 nam 3.088,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 1.631,3 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem gengið hefur yfir undanfarna mánuði hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Fjallað er um áhrif faraldursins á rekstur sveitarfélagsins á árinu 2021 í skýringu 22.

Þann 20. febrúar 2022 kusu íbúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps um sameiningu sveitarfélaganna. Í kosningunum var sameining sveitarfélaga samþykkt af íbúum beggja sveitarfélaga og mun hún eiga sér stað 29. maí 2022.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2021 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Skagafirði, 04.05. 2022.

Byggðaráð:

Gísli Sigurðsson
Stell. G.
Ólafur Bjarni Haraldsson
Hildur Húð

Sveitarstjóri:

Sigfríð J. Sigfríðsson

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2021 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2012 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Skagafirði, 04.05. 2022.

Sveitarstjórn:

Gísli Sigurðsson
Stell. G.
Sleuturinn
Inga Huld ferðav.
Johanna Zo Harðard.
Ólafur Bjarni Haraldsson

Ólafur Þóris Eysteinnsson
Hildur Húð
Kjartan Valdimarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2021, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Skagafirði, 4. maí 2022.

KPMG ehf.

Haraldur Óni Reynisson
Kristján Jónsson

Rekstrarreikningur ársins 2021

Skýr.	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	3.098.395	3.084.259	2.870.177	3.087.269	3.068.414	2.860.444
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	1.633.098	1.561.959	1.652.737	1.633.098	1.561.959	1.652.737
Aðrar tekjur	4	965.280	917.413	807.523	1.981.287	1.898.646	1.807.337
		<u>5.696.773</u>	<u>5.563.631</u>	<u>5.330.437</u>	<u>6.701.653</u>	<u>6.529.019</u>	<u>6.320.519</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	3.696.088	3.696.074	3.361.972	3.914.999	3.916.074	3.569.410
Lífeyrisskuldbinding, hækkun ..	14	418.532	77.800	101.021	455.801	89.600	109.139
Annar rekstrarkostnaður		1.662.688	1.633.872	1.573.931	2.209.284	2.106.197	2.063.706
		<u>5.777.308</u>	<u>5.407.746</u>	<u>5.036.924</u>	<u>6.580.084</u>	<u>6.111.871</u>	<u>5.742.255</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		(80.536)	155.885	293.513	121.569	417.148	578.263
Afskriftir	8	(151.968)	(154.048)	(144.289)	(249.008)	(253.491)	(235.860)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		(232.503)	1.837	149.224	(127.439)	163.657	342.403
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(279.305)	(225.776)	(240.778)	(351.178)	(286.750)	(294.878)
Hlutdeild minnihluta í rekstri ...		0	0	0	96	0	(572)
Uppgjör leigusamninga		94.652	0	0	94.652	0	0
Tekjuskattur	15	0	0	0	27.600	(130)	(658)
		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>122.348</u>	<u>(130)</u>	<u>(628)</u>
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	13	<u>(417.156)</u>	<u>(223.939)</u>	<u>(91.553)</u>	<u>(356.269)</u>	<u>(123.223)</u>	<u>46.295</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir				
		A hluti		A og B hluti		
Skýr.		2021	2020	2021	2020	
Fastafjármunir						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
	Fasteignir og lóðir	8	6.800.823	6.231.270	7.073.295	6.532.216
	Gatna- veitu og hafnarmannvirki	8	828.752	812.364	2.560.093	2.478.490
	Vélar, áhöld og tæki	8	115.790	120.925	239.130	138.324
	Leigðar eignir	8	0	10.246	0	10.246
			<u>7.745.365</u>	<u>7.174.805</u>	<u>9.872.519</u>	<u>9.159.276</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
	Stofnframlög og eignarhlutir í félögum ...	9	287.279	292.485	284.419	289.626
	Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs	10	340.831	355.632	340.831	355.632
	Langtímakröfur	11	9.585	10.018	11.406	13.493
	Skatteign	15	0	0	20.490	0
			<u>637.695</u>	<u>658.136</u>	<u>657.147</u>	<u>658.751</u>
	Fastafjármunir		<u>8.383.060</u>	<u>7.832.941</u>	<u>10.529.666</u>	<u>9.818.026</u>
Veltufjármunir						
	Birgðir		0	0	23.845	24.171
Skammtímakröfur:						
	Næsta árs gjaldf.v. Brúar lífeyrissjóðs	10	14.801	14.801	14.801	14.801
	Næsta árs afborgarnir langtímakrafna	11	920	879	2.741	2.615
	Óinnheimtar tekjur	12	525.498	615.372	632.769	725.112
	Aðrar skammtímakröfur		95.084	161.245	113.776	180.950
	Handbært fé		316.277	285.753	365.285	327.177
	Veltufjármunir		<u>952.579</u>	<u>1.078.051</u>	<u>1.153.217</u>	<u>1.274.829</u>
	Eignir samtals		<u>9.335.640</u>	<u>8.910.992</u>	<u>11.682.883</u>	<u>11.092.855</u>

31. desember 2021

Eigið fé og skuldir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2021	2020	2021	2020	
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	13	1.631.330	1.884.047	3.088.052	3.279.882
Hlutdeild minnihluta í eigin fé		0	0	11.096	11.192
		1.631.330	1.884.047	3.099.148	3.291.074
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	14	1.481.462	1.139.786	1.610.893	1.241.111
Tekjuskattsskuldbinding	15	0	0	0	7.110
		1.481.462	1.139.786	1.610.893	1.248.221
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	16	4.293.078	3.768.424	5.407.015	4.754.925
Leiguskuldir	17	0	104.802	0	104.802
Fyrirframinnheimtar tekjur	18	0	0	9.168	11.938
		4.293.078	3.873.227	5.416.183	4.871.666
Skammtímaskuldir					
Skammtímalán		0	100.000	0	100.000
Skuldir við eigin fyrirtæki		493.268	460.833	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	449.499	443.345	540.173	546.224
Næsta árs afborganir leiguskulda	17	0	9.914	0	9.914
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	14	65.141	51.387	70.836	55.952
Fyrirframinnheimtar tekjur	18	0	0	2.770	2.638
Aðrar skammtímaskuldir		921.863	948.453	942.879	967.168
		1.929.771	2.013.933	1.556.658	1.681.896
Skuldir og skuldbindingar samtals		7.704.310	7.026.945	8.583.734	7.801.782
Eigið fé og skuldir samtals		9.335.640	8.910.992	11.682.883	11.092.855

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2021

	A hluti			A og B hluti		
	Skýr Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða	13 (417.156)	(223.939)	(91.553)	(356.269)	(123.223)	46.295
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	8 151.968	154.048	144.289	249.008	253.491	235.860
Verðbætur langtímalíða	196.474	86.696	119.906	246.410	116.132	150.247
Söluhagnaður	(52)	0	(22.617)	(14.304)	(15.000)	(22.617)
Uppgjör leigusamninga.....	(94.652)	0	0	(94.652)	0	0
Hlutdeild minnihluta	0	0	0	(96)	0	572
Tekjuskattur, breyting	15 0	0	0	(27.600)	0	658
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	14 418.532	77.800	101.021	455.801	89.600	109.138
Veltufé frá rekstri	255.113	94.605	251.045	458.298	321.000	520.153
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Fyrirframgreiddur kostnaður	14.801	0	14.801	14.801	0	14.801
Birgðir, breyting	0	0	0	326	0	2.187
Óinnheimtar tekjur, breyting	89.874	0	17.760	92.344	0	(17.746)
Skammtímakröfur, breyting	66.161	36.101	(131.834)	67.175	36.101	(140.965)
Skammtímaskuldir, breyting	(26.590)	(46.000)	298.435	(24.156)	(74.000)	294.578
Greiðslur lífeyrisskuldbindingar	14 (63.102)	0	(52.948)	(71.134)	0	(61.278)
Samtals	81.145	(9.899)	146.214	79.355	(37.899)	91.578
Handbært fé frá (til) rekstrar	336.258	84.706	397.259	537.654	283.101	611.731
Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.	8 (568.433)	(568.298)	(524.310)	(833.956)	(851.798)	(688.483)
Söluverð rekstrarfjármuna	150	0	27.195	40.200	40.000	27.195
Stofnframlög í félögum, breyting	5.206	(194.500)	(55.630)	5.206	(194.500)	(55.630)
Langtímakröfur, breyting	11 896	2.477	859	2.668	2.477	2.555
Fjárfestingarhreyfingar	(562.182)	(760.321)	(551.886)	(785.882)	(1.003.821)	(714.363)
Fjármögnunarhreyfingar						
Skuldir við lánastofnanir, breyting.....	(100.000)	0	0	(100.000)	0	0
Viðskiptastaða eigin ft, breyting	32.434	30.430	24.502	0	0	0
Skammtímalán	0		20.000	0		20.000
Tekin ný langtímalán	1.168.000	1.353.198	629.000	1.318.000	1.503.198	714.000
Afborganir langtímalána	16 (834.171)	(792.579)	(308.269)	(919.079)	(900.544)	(412.247)
Afborganir leiguskulda	17 (9.818)	(10.000)	(9.606)	(9.818)	(10.000)	(9.606)
Fyrirframinnheimtar tekjur	18 0	0	0	(2.770)	0	(2.512)
Fjármögnunarhreyfingar	256.446	581.049	355.627	286.334	592.654	309.635
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	30.523	(94.566)	201.000	38.108	(128.066)	207.003
Handbært fé í ársbyrjun	285.754	288.138	84.753	327.177	329.562	120.174
Handbært fé í árslok	316.277	193.572	285.754	365.285	201.496	327.177

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Sveitarfélagið Skagafjörður er sveitarfélag á Norðurlandi vestra og var fjöldi íbúa þess 4.102 þann 1. desember 2021. Skrifstofa sveitarfélagsins er á Skagfirðingabraut 17, Sauðárkróki.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2021 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstremisýfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Sjóveita, Hitaveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf. og Eyvindarstaðaheiði ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

Leigðar eignir eru fasteignir og önnur mannvirki sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært í eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	25 - 67 ár
Hafnarmannvirki.....	25 ár
Veitukerfi.....	25 ár
Gatnakerfi, gáma og útivistarsvæði.....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	7 - 10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

g. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlög í lífeyrisaukasjóð gjaldfærð á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr.

h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í landi og gatnaframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002, hefur áður verið gjaldfærð og er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

I. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2021. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14. Áætlaðar næsta árs greiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. Tekjuskattur

Tekjuskattsskuldbinding þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun á skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn þessara fyrirtækja er miðaður við aðrar forsendur en reikningskil þeirra.

Útreikningur á tekjuskattsskuldbindingu byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

n. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðsla leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslur fjármögnunarleigusamninga er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins á nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

o. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

p. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 20.

q. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflegri samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 25.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
Útsvar og fasteignaskattur:						
Útsvar.....	2.511.902	2.513.766	2.318.973	2.511.902	2.513.766	2.318.973
Fasteignaskattur.....	486.373	472.621	463.346	475.246	456.776	453.613
Lóðarleiga.....	100.120	97.872	87.858	100.120	97.872	87.858
	3.098.395	3.084.259	2.870.177	3.087.269	3.068.414	2.860.444
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Framlag vegna fasteignaskatts...	204.195	195.393	207.758	204.195	195.393	207.758
Útgjaldajöfnunarframlag.....	589.300	529.354	517.127	589.300	529.354	517.127
Framlög vegna grunnskóla.....	251.662	247.109	235.213	251.662	247.109	235.213
Önnur framlög.....	587.940	590.103	692.638	587.940	590.103	692.638
	1.633.098	1.561.959	1.652.737	1.633.098	1.561.959	1.652.737
Skatttekjur samtals	4.731.493	4.646.218	4.522.914	4.720.366	4.630.373	4.513.181
Aðrar tekjur.....	965.280	917.413	807.523	1.981.287	1.898.646	1.807.337
Rekstrartekjur samtals.....	5.696.773	5.563.631	5.330.437	6.701.653	6.529.019	6.320.519

Skýringar, frh.:

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
Laun	2.955.579	2.958.057	2.667.909	3.127.672	3.135.381	2.832.221
Launatengd gjöld	702.371	694.154	636.279	742.453	734.521	674.744
Annar áfallinn launakostnaður.....	11.809	2.000	39.125	14.485	2.000	40.349
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	13.796	13.796	13.796	14.801	14.801	14.801
Þátttaka annarra í launakostn.....	(14.372)	0	(13.904)	(14.372)	0	(13.904)
Annar starfsmannakostnaður.....	26.906	28.067	18.767	29.961	29.370	21.199
Laun og launat.gjöld samtals	3.696.088	3.696.074	3.361.972	3.914.999	3.916.074	3.569.410
					2021	2020
Fjöldi starfsmanna í árslok.....					461	430
Fjöldi stöðugilda í árslok.....					366	361
Ársverk.....					373	363
Laun og launatengd gjöld sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....					43.403	42.439

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
Vaxtatekjur og verðbætur.....	4.141	8.205	3.638	6.707	8.520	7.783
Arður af eignarhlutum	3.056	15.025	3.333	3.056	15.025	3.333
Vaxtagjöld og verðbætur	(286.502)	(249.007)	(247.748)	(360.941)	(310.295)	(305.995)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	(279.304)	(225.776)	(240.778)	(351.178)	(286.750)	(294.878)

Skýringar, frh.:

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig.

	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	4.789.820	4.718.383	4.581.321
Félagsþjónusta	(1.004.121)	(1.014.637)	(963.259)
Heilbrigðismál	(8.896)	(9.310)	(9.073)
Fræðslu- og uppeldismál	(2.280.663)	(2.299.292)	(2.114.024)
Meningarmál	(186.113)	(200.135)	(214.057)
Æskulýðs- og íþróttamál	(518.772)	(510.290)	(501.305)
Brunamál og almannavarnir	(84.069)	(97.306)	(75.490)
Hreinlætismál	(60.486)	(68.522)	(61.314)
Skipulags- og byggingarmál	(58.005)	(51.197)	(88.217)
Umferðar- og samgöngumál	(158.325)	(153.377)	(153.986)
Umhverfismál	(136.370)	(132.206)	(98.784)
Atvinnumál	(83.947)	(94.042)	(88.999)
Sameiginlegur kostnaður	(302.201)	(300.586)	(266.882)
Breyting lífeyrisskuldbindingar og framlag v. A deildar Brúar	(418.532)	(77.800)	(101.021)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	38.707	27.856	29.534
Aðalsjóður samtals	(471.973)	(262.461)	(125.555)
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	54.818	38.522	34.002
A hluti samtals	(417.155)	(223.939)	(91.554)
B hluta fyrirtæki:			
Hafnarsjóður	48.516	44.931	56.647
Vatnsveita	24.980	26.560	20.822
Sjóveita	(1.424)	(1.503)	(1.561)
Hitaveita	(45.659)	(33.373)	261
Fráveita	46.042	58.647	53.339
Félagslegar íbúðir	(10.978)	4.529	4.271
Tímatákn ehf.	(360)	385	2.698
Eyvindarstaðaheiði ehf.	(326)	539	1.943
Hlutdeild minnihluta í afkomu	96	0	(572)
A og B hluti	(356.269)	(123.223)	46.295

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti				
Heildarverð 1.1.2021	9.247.272	1.152.897	245.468	10.645.637
Afskrifað áður	(3.016.002)	(340.533)	(124.543)	(3.481.078)
Bókfært verð 1.1.2021	6.231.270	812.364	120.925	7.164.559
Viðbót á árinu	489.821	62.306	16.307	568.433
Endurmat lóðir og lendur	164.438	0	0	164.438
Selt á árinu	0	0	(98)	(98)
Afskrifað á árinu	(84.706)	(45.918)	(21.344)	(151.968)
Bókfært verð 31.12.2021	6.800.823	828.752	115.790	7.745.365
Samtals heildarverð 31.12.2021	9.901.531	1.215.203	260.795	11.377.529
Afskrifað samtals	(3.100.708)	(386.451)	(145.005)	(3.632.164)
Bókfært verð 31.12.2021	6.800.823	828.752	115.790	7.745.365

	Fasteignir og lóðir	Gatna-,veitu og hafnar mannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti				
Heildarverð 1.1.2021	9.766.960	4.481.690	324.547	14.573.197
Afskrifað áður	(3.234.744)	(2.003.200)	(186.223)	(5.424.167)
Bókfært verð 1.1.2021	6.532.216	2.478.490	138.324	9.149.030
Viðbót á árinu	494.070	212.221	127.665	833.956
Endurmat lóðir og lendur	164.438	0	0	164.438
Selt á árinu	(25.175)	0	(721)	(25.896)
Afskrifað á árinu	(92.254)	(130.618)	(26.137)	(249.009)
Bókfært verð 31.12.2021	7.073.295	2.560.093	239.130	9.872.520
Samtals heildarverð 31.12.2021	10.398.968	4.693.911	444.998	15.545.695
Afskrifað samtals	(3.325.673)	(2.133.818)	(205.867)	(5.673.176)
Bókfært verð 31.12.2021	7.073.295	2.560.093	239.130	9.872.520
Afskriftarhlutföll	1,5 - 4%	4%	15 - 20%	

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

b. Fjárfesting

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Mismunur frá áætlun
A hluti			
Eignasjóður			
Fasteignir og lóðir			
Ársalir hönnun viðbygging	40.456	99.000	58.544
Sundlaug Sauðárkróks	34.508	43.500	8.992
Sundlaugin á Hofsósi	30.181	15.000	(15.181)
Grunnskóli austan vatna hönnun íþróttahús	2.578	7.500	4.922
Leikskóli Hofsóss	127.280	134.000	6.720
Hásæti 5a-5d	5.251	5.300	49
Faxatorg 1	230.000	125.198	(104.802)
